

AUGLÝSING

um, að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. ágúst.

Nr. 153.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatlar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 400.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fastagjald, er nemi kr. 14.00 á ári á hvern fermetra gólfplatlar, í rúmi því, er lýsa skal.